

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Bolungarvík



Dags eftirlits	31.8.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Skeljungur	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Lokunareftirlit
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Már Erlingsson	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	308595,844 634793,349

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í vettvangseftirlit vegna lokunar olíubirgðastöðvar Skeljungs, Bolungarvík. Starfsleyfið gildi til 31. janúar 2018 og er því fallið úr gildi en engin starfsemi hefur verið í stöðinni frá árinu 2013.

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru settar fram.

Staðfest er að stöðinni hefur verið lokað með fullnægjandi hætti.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirliti.

Starfsleyfi Skeljungs fyrir olíubirgðastöð við Mávakamb á Bolungarvík, var gefið út árið 2006 og gildi til 31. janúar 2018 og er því fallið úr gildi. Engin olía hefur verið í stöðinni frá því árið 2013 og búið er að rífa stöðina í samræmi við áætlun um meðhöndlun jarðvegs sem send hefur verið til eftirlitsaðila.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áætlun um frágang v. rekstrarstöðvunar
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Fullnægjandi frágangur v. rekstrarstöðvunar og lokunar

Í olíubirgðastöðinni var heimilt að geyma alls 2.000 m³ af olíu og einnig var heimilt var að taka á mótí úrgangsolíu. Allir geymar hafa verið fjarlægðir ásamt öllum lögnum. Svæðið hefur verið afhent sveitarfélaginu sem rekur þar geymslusræði í dag.

Gengið var um stöðina og aðstæður skoðaðar. Svæðið var nokkuð snyrtilegt á að líta og ekki gerðar athugasemdir þar um. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða tók svæðið út þann 7. september 2018 og kom þar fram að ekki var að sjá olíusmit á svæðinu og engar athugasemdir voru gerðar.

Engar kvartanir hafa borist rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti.

Fulltrúi rekstraraðila var ekki viðstaddur eftirlitið en var eftirlitið framkvæmt með hans vitund.

ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

ANNAÐ

Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg og skráningar þar inn og kynning á nýrri gjaldskrá stofnunarinnar og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda. Rekstraraðili var beðinn að kynna sér skjölin. Einnig var farið yfir fyrirhugaða breytingu á boðun eftirlits en nú verða eftirlitin boðuð með skemmri fyrirvara en verið hefur ásamt því að hærri hlutfall reglubundinna eftirlita verða óboðuð.

Reykjavík, 25.09.2023

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Guðbjörg Stella Árnadóttir